

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 423/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Erni Karlssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Frávísun máls frá Hæstarétti. Áfrýjunarheimild. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun.

Af hálfu ákærvalds er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp á dómþingi 24. október 1995 að viðstöddum skipuðum verjanda ákærða í héraði. Ákærði afplánaði við dómsuppsögu fangavist samkvæmt tveimur dómum Hæstaréttar, upp kveðnum 1. desember 1994, en með þeim var honum til samans gert að sæta fangelsi í ellefu mánuði. Samkvæmt gögnum málsins sótti ákærði 22. ágúst 1995 um reynslulausn, þegar lokið yrði afplánun á helmingi þeirrar refsingar. Með bréfi 27. október 1995 greindi Fangelsismálastofnun ríkisins frá því, að ákærða yrði veitt reynslulausn frá 19. nóvember sama ár á eftirstöðvum samanlagðrar refsingar hans, 210 dögum, samkvæmt fyrrnefndum dómum Hæstaréttar og dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 1995. Á bréfið er rituð yfirlýsing, undirrituð af ákærða 1. nóvember 1995. Þar staðfestir hann, að sér hafi verið afhent skilríki, þar sem greint sé frá skilyrðum reynslulausnar, þau skilyrði verið skýrð út fyrir sér og hann þeim samþykkur að öllu leyti. Héraðsdómurinn í máli þessu frá 24. október 1995 var hins vegar birtur ákærða 24. nóvember sama ár. Lýsti hann yfir áfrýjun dómsins í bréfum til ríkissaksóknara 18. og 19. desember 1995.

Af hálfu ákærvalds er krafa um frávísun málsins frá Hæstarétti

reist á því, að ákærði hafi fyrir milligöngu skipaðs verjanda síns í héraði leitað eftir þeirri reynslulausn, sem honum var veitt samkvæmt áðursögðu. Með því hafi ákærði fyrirgert rétti til áfrýjunar.

Sem fyrr segir, var ákærða veitt reynslulausn frá 19. nóvember 1995 að telja, meðal annars af hluta refsingar samkvæmt þeim dómi, sem hann hefur nú áfrýjað til Hæstaréttar. Í fyrrgreindu bréfi Fangelsismálastofnunar frá 27. október 1995 um veitingu reynslulausnarinnar er meðal annars tekið fram, að skilorðsrof geti varðað því, að dómþoli verði látinn taka út eftirstöðvar refsingar, en standist hann skilorðið, teljist refsingunni hafa verið fullnægt, þegar reynslulausn var veitt. Í áður nefndri yfirlýsingu ákærða á þetta bréf 1. nóvember 1995 um, að hann samþykki skilyrði reynslulausnarinnar, fólst þar með, að hann myndi una við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október sama ár. Er þetta ósamrýmanlegt yfirlýsingu ákærða um áfrýjun dómsins með bréfum 18. og 19. desember 1995. Verður málinu því vísað frá Hæstarétti.

Ákærða verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Ákærði, Örn Karlsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.